Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
2026-06-30 11:51:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐLAUGUR HELGI SIGURJÓNSSON
2026-06-30 12:08:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
2026-06-30 13:31:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRGVIN GUÐNASON
2026-06-30 21:53:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
2026-06-30 22:26:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2026 (144. fundur)
BE/VHV rita fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 29. júní 2026 kl. 8:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Guðlaugur Helgi Sigurjónsson	varafulltrúi
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Forföll:
Margrét Lilja Margeirsdóttir, Friðfinnur Skaftason.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, tillaga.
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
Isavia leggur fram minnisblað dags. 18. júní 2026 sem viðbrögð við bréfi innviðaráðuneytis dags. 1. apríl 2026. Isavia hefur fundað með Samgöngustofu og innviðaráðuneytinu á vinnslutíma.
Minnisblaðið var kynnt nefndarmönnum á fundinum og umræður um það.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir að kynna tillögu að Aðalskipulagi Keflavíkur 2023-2040 skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda skipulagsgögn til athugunar HMS skv. sömu grein. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar samanstendur af greinargerð, skipulagsuppdráttum og umhverfismatsskýrslu dags. í júní 2026. Jafnframt er samantekt á því hvernig brugðist hefur verið við umsögnum og athugasemdum sem hafa borist við kynningu á vinnslutillögu skipulagsins.

Tillagan hefur tekið breytingum í kjölfar samráðs á vinnslustigi aðalskipulagsins. Breytingar snúa m.a. að umfjöllun um verndarsvæði, skýrari stefnu um almenningssamgöngur, skipulagsákvæði um olíulögn, veitur og byggingarheimildir, náttúruvá, efnisvinnslusvæði og samgöngur. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur farið yfir framlagða tillögu og telur að hún sé fullnægjandi til auglýsingar. Nefndin telur að við gerð tillögunnar hafi verið unnið í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umræður um tillöguna og hvernig best væri að kynna hana m.a. með því að hafa opið hús og auglýsa hana í fjölmiðlum m.a. í Víkurfréttum.

Bókun: Innviðaráðuneytið hyggst setja af stað vinnu við greiningu á framtíðarfyrirkomulagi flugbrautarkerfis á suðvesturhorni landsins með það að markmiði að tryggja nægilega getu flugvallakerfisins miðað við áætlanir um aukningu í flugi, rekstraröryggi alþjóðaflugs óháð aðstæðum. Þá verða metin áhrif þess á öryggi flugs ef útilokað verði að koma NA/SV flugbraut fyrir á Keflavíkurflugvelli til framtíðar.

2. Önnur mál.

Nefndin mun óska eftir kynningu Isavia á fyrirhuguðum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli næstu 5 ár.
Fyrirhugað er að boða Öryggisnefnd FÍA á fund með nefndinni í haust.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 16. september 2026

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.15

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx